

Nefndasvið Alþingis  
b.t. velferðarnefndar  
Austurstræti 8-10  
101 Reykjavík

Reykjavík, 31. ágúst 2020

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum til að mæta efnahagslegum áhrifum heimsfaraldurs kórónuveiru (frekari aðgerðir vegna vinnumarkaðar) (972. mál)**

Félag atvinnurekenda (FA) vísar til umsagnarbeiðni velferðarnefndar um ofangreint þingmál, á þingskali 2036. FA fagnar frumvarpi þessu, enda hefur félagið að undanförnu talað fyrir því að stuðningsaðgerðir þær fyrir fyrirtæki, sem gripið var til á vegum stjórvalda síðastliðið vor, yrðu endurskoðaðar með hliðsjón af tvennu. Annars vegar þarf að meta vel hvaða úrræði hafa nýtzt fyrirtækjum vel í glímunni við efnahagslegar afleiðingar farsóttarinnar og hver síður og gera breytingar í framhaldi af því mati. Hins vegar þarf að endurskoða gildistíma þeirra úrræða, sem ekki leikur vafi á að hafa hjálpað fyrirtækjum að takast á við afleiðingar faraldursins, í ljósi þess að hann virðist munu dragast meira á langinn en margir vonuðu síðastliðið vor.

Tvær tillögur frumvarpsins snúa einkum að hagsmunum félagsmanna FA; framlenging ákvæða um tímabundnar greiðslur vegna launa einstaklinga sem sæta sóttkví samkvæmt fyrirmælum heilbrigðisyfirvalda án þess að vera sýktur (1. gr.) og framlenging hlutabótaleiðarinnar (7., 8. og 10. gr.)

Hvað fyrrnefndu tillöguna varðar, telur FA stuðning ríkisins vegna launagreiðslna í sóttkví eitt þeirra úrræða sem skilað hafa góðum árangri. Könnun sem gerð var meðal félagsmanna FA 20-24. ágúst sl. sýndi að um 21% fyrirtækjanna hafa nýtt það. FA er jafnframt sammála því mati ráðuneytisins að mikilvægt sé að einstaklingar geti fylgt fyrirmælum yfirvalda um sóttkví án þess að hafa áhyggjur af afkomu sinni, enda sé ákvörðun um sóttkví tekin með hagsmuni heildarinnar í huga. FA telur skynsamlegt að framlengja þessa ráðstöfun út næsta ár, enda sér engan veginn fyrir endann á faraldrinum eða sóttvarnaraðgerðum, sem gripið kann að verða til hans vegna.

Hvað síðarnefndu tillöguna varðar, er hlutabótaleiðin klárlega í hópi þeirra stuðningsúrræða stjórvalda, sem gagnatz hafa atvinnulífinu bezt í heimsfaraldrinum. Í áðurnefndri könnun á meðal félagsmanna FA sagðist rétt um helmingur hafa nýtt sér hana. Þá var framlenging hlutabótaleiðarinnar efst á blaði, ásamt lækkunum skatta og opinberra gjalda, yfir þær aðgerðir sem fyrirtækin töldu nauðsynlegt að ráðast í til að auðvelda þeim áframhaldandi baráttu við efnahagslegar afleiðingar faraldursins.

FA styður því eindregið þá tillögu að framlengja hlutabótaleiðina en telur að tveggja mánaða tímabil sé ofstatt. Augljóst er að áfram eru miklir erfiðleikar og óvissa hjá fyrirtækjum, ekki sízt í ferðaþjónustu og í greinum tengdum ferðaþjónustunni. Til að draga úr óvissunni ætti að

fram lengja hlutabótaleiðina að minnsta kosti til áramóta meðan á endurskoðun stuðningsaðgerða ríkisins í heild stendur.

FA áskilur sér rétt til að koma að frekari athugasemdum á síðari stigum málsins. Þá er félagið reiðubúið að funda með þingnefndinni.

Virðingarfullst,

Ólafur Stephensen  
framkvæmdastjóri FA